

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, fristundabyggð Hellnum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. maí 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Landbúnaðarsvæði sunnan Akra og Hleinapláss, alls 9 ha, breytist í svæði fyrir fristundabyggð. Jafnframt breytast mörk fristundabyggðasvæðis sunnan Hleinapláss á kafla. Gert er ráð fyrir 14 fristundahúsum í stað 4 og með nýtingarhlutfalli allt að 0,03.
2. Vegstæði og gönguleið frá Ökrum að Bálhóli nærri strönd hliðrast vestur fyrir núverandi hús á móts við Lón.
3. Landamerki sem áður voru sýnd sem óviss landamerki eru nú sýnd sem landamerki.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. maí 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.